

Tennissamband Íslands



Mættir: Helgi, Bragi, Júlíana og Gunnar.

Fundarritari: Bragi

Fundarefni:

1. **Stjórnin skiptir með sér verkum.** Helgi er formaður, en ákveðið að óska eftir því við Þránd að hann yrði áfram gjaldkeri og Bragi tók að sér ritarastarfið.
2. **Prúðmennskuverðlaun á Íslandsmóti.** Tvö börn fengu verðlaunin, en það skilaði sér ekki til fjölmiðla.
3. **Álag á þátttakendur í Íslandsmóti.** Kvartað hefur verið yfir því að álag á börn getur verið mikið á Íslandsmóti, þar sem sum þeirra keppa í mjög mörgum flokkum. Til þess að mæta þessu var samþykkt að hver keppandi mætti að hámarki keppa í þremur einliðaleiksflokkum.
4. **Stórmót Þróttar og Fjölnis.** Reiknað með því að það verði í lok júlí.
5. **Tékklandsferð.** Er í höndum þjálfara.
6. **Tennisnámskeið.** Öll félögin á höfuðborgarsvæðinu eru með námskeið í sumar. Tenniskona sem er í hópi 300 bestu í heiminum leiðbeinir hér nokkrar vikur í sumar.
7. **Íþróttakennaranemar.** Kynning fyrir þá verður núna í vor eða strax í haust.
8. **Davis Cup 2012.** Andri vann nr. 2 hjá Möltu. Mótið var sterkt, t.d. var einn nr. 80 á heimslistanum meðal þátttakenda. Misbrestur varð á fréttáflutningi í lokin. Ákveðið var að lækka þátttökugjöld úr 40 þús.kr. í 30 þús.kr.
9. **Nefnd um afreksstefnu.** Samþykkt að reyna hafa hafa fulltrúa þjálfara, foreldra og afreksmanna í nefndinni. Reynt verður að fá Raj, Carolu, Jónas, Magnús og Rut (móður Hjördísar) til þess að vera í nefndinni.
10. **Ársreikningur TSÍ.** Á ársþingi var gagnrýnt að vegna gamalla liða væri ársreikningurinn óskýr og veki spurningar. Eins vantaði betri sundurliðun. Samþykkt var að bregðast við þessu og stefnt að því að næsti ársreikningur verði skýrari.
11. **Landslið.** TSÍ borgar bolta fyrir landsliðsæfingar. Athugað verður með landsliðsbúnina í haust.
12. **Boltar fyrir krakka.** Alþjóðlegar reglur um bolta fyrir krakka hafa breyst og samþykkti stjórnin að strax yrði farið að þeim og eins yrðu viðeigandi lagabreytingar lagðar fyrir næsta þing.
13. **Afreksstyrkir.** Vladimir, Hera, Hjördís og Hinrik fá hvert um sig afreksstyrk fyrir unga og efnilega. Styrkurinn verður greiddur út í maí.

Fundi slitið.